

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir á kvennadeildum sjúkrahúsanna.

Frá Elsu Láru Arnardóttur.

1. Hvað eru langir biðlistar eftir aðgerðum á
  - a. kvennadeild Landspítala,
  - b. kvennadeild Sjúkrahússins á Akureyri,
  - c. kvennadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi?
2. Hvað eru framkvæmdar margar aðgerðir árlega á hverri deild?
3. Hversu mörgum aðgerðum er hægt að bæta við á hverju ári á kvennadeild Sjúkrahússins á Akureyri annars vegar og hins vegar kvennadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands?
4. Eru þær konur sem bíða eftir aðgerðum á kvennadeild Landspítala upplýstar um það ef biðtíminn er styttri á Sjúkrahúsinu á Akureyri eða Heilbrigðisstofnun Vesturlands?

Skriflegt svar óskast.